

GUÐMUNDUR INGI MARKÚSSON

Menning, mím og mannskepnur

Þróunarkenningin í hug- og félagsvísindum samtímans

Sá sem gæti skilið baviana legði meira af mörkum til frumspekinnar en Locke

Charles Darwin¹

Haustið 2000 var haldið málþing við Árósháskóla helgað bannorðum trúarbragðafræðanna – *Religionsvidenskabelige tabuer*.² Þróunarhugtakið og spurningar um uppruna trúarbragða voru þar ofarlega á blaði, enda hafði Charles Darwin verið úti í kuldanum í heimi trúarbragðafræðanna um langt skeið og hugtakið „þróun“ aðeins nefnt stúdentum til aðvörunar. Málþingið markaði einnig þáttaskil. Eftir það breyttust áherslur til muna og nú er þróunarhugtakið ríkur þáttur í faginu og spurningar um uppruna, eðli og þróun trúarbragða vaktar upp á nýjum forsendum.³ Þetta er aðeins lítið dæmi um endurkomu Darwins í hug- og félagsvísindum samtímans, endurkomu sem öðrum þræði er viðbrögð við afstæðishyggju póstmóðernismans.

Eftirfarandi grein, sem helguð er þessum breyttu áherslum, skiptist í þrjú hluta. Í fyrsta lagi er fjallað um hið sögulega baksvið. Í öðru lagi verður lítið á kenningar í hug- og félagsvísindum samtímans sem sækja innblástur til þróunarfræðinnar, þar á meðal þróunarsálfræði, mímkenninguna, og kenninguna um samþróun gena og menningar. Að lokum verður notkun þróunarfræði í einstökum greinum hug- og félagsvísinda gaumgæfð, m.a. í bókmenntafræði og trúarbragðafræðum.⁴

1 „He who understands baboon would do more towards metaphysics than Locke.“ (Úr vinnubók M frá 1838; Darwin 1987). Darwin vísar hér til raunhyggju Johns Locke (1632–1704). Raunhyggjan byggðist m.a. á því að hugur mannsins væri óskrifað blað við fæðingu og að öll þekking grundvallaðist á því að skynja hinn ytri veruleika (Locke 1689/1947).

2 Fanø o.fl. 2001.

3 Þetta er byggt á reynslu höfundar sem stundaði nám í trúarbragðafræðum við Árósháskóla á árunum 1998–2003.

4 Hér verða aðeins fræðilegir straumar innan akademíunnar til skoðunar en ekki samfélagsleg áhrif líffræðinnar eins og til að mynda í gegnum líftæknina, sjá Steindór J. Erlingsson 2002b, og Gísla Pálsson 2007.

ÞRÓUNARKENNINGIN OG HUG- OG FÉLAGSVÍSINDI⁵

Saga þróunarkenningarinnar er þyrnum stráð. Hér á eftir verður stuttlega litið á þróunar- og erfðahyggi 19. aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu, deiluna um félagslíffræðina og þá tortryggni sem hefur verið ráðandi í hug- og félagsvísindum gagnvart þróunarfræðinni. Að lokum verður litið á endurkomu Darwins í hug- og félagsvísindum.

Þróunarhyggja 19. og 20. aldar

Þróunarhyggja⁶ 19. aldar var mörkuð af félagslegum „darwinisma“, mannkynbótahugmyndum og kynþáttahyggi. Siðmenntaðir Evrópubúar töldu sig standa á ólympstindi þróunarinnar. Þessar stefnur höfðu einnig mótandi áhrif á þau falsvísindi sem leiddu til helstefnu nasista. En þessi tíðarandi byggðist aðeins að litlu leyti á hugmyndum Darwins sjálfs.

Orðatiltekið „hinir hæfustu lifa af“ (*survival of the fittest*) er ekki ættað frá Darwin heldur Herbert Spencer (1820–1903), hinum eiginlega upphafsmanni félagslegs „darwinisma“. Spencer leit svo á að þróun væri almennt lögmál sem stuðlaði að því að einföld fyrirbæri yrðu flóknari, sérhæfðari og betur samhæfð – þróun var m.ö.o. *framþróun* (*progress*) og sem almennt lögmál átti það jafnt við um tilurð sólkerfa, lífvera og samfélaga. Hvað framþróun samfélaga varðaði einkenndist hún af því að frumstæðari og einfaldari samfélagsgerð vék fyrir flókinni verkaskiptingu og iðnvæðingu. Samkvæmt Spencer stuðlaði lífsbaráttan að því að hinir hæfustu lifðu af sem síðan leiddi til betra samfélags. Hvað samfélagsmál varðaði talaði Spencer fyrir harðri einstaklingshyggi og gegn hvers kyns ríkisafskiptum og félagslegum umbótum. Eina færa leiðin til þess að bæta samfélagið var að leyfa þróunarferlinu að hafa sinn gang og láta þá veiku víkja fyrir hinum sterkari. Með því að skerpa á lífsbaráttunni mætti ýta enn frekar undir framfarir. Áhrifa Spencers gætti víða – í stjórnmálum, menntamálum og viðskiptalífinu, en einkum áttu sjónarmið hans hljómgrunn í Bandaríkjunum, enda gáfu þau lausbeisluðum kapítalisma „náttúrulegt“ yfirbragð. Undir félagslegan „darwinisma“ féllu einnig ýmsar

5 Steindór J. Erlingsson er meðhöfundur þessa hluta greinarinnar.

6 Í greininni verður hugtakið „þróunarkenningin“ (*evolutionary theory*) notað um þá almennu hugmynd að lífið þróist og þá oftast um kenningu Darwins um náttúrulegt val; hugtakið „þróunarfræði“ (*evolutionary biology*) verður notað almennt um líffræðina sem fræðigrein; að lokum verður hugtakið „þróunarhyggja“ notað um heimspekilega og pólitíska beitingu þróunarkenningarinnar og þróunarfræðinnar (sjá 3. kafla, bls. 74–80, þar sem Steindór J. Erlingsson ræðir þessi hugtök).

aðrar tilhneigingar þessa tíma eins og íhaldshyggja (*conservatism*), hernaðarhyggja (*militarism*), kynþáttahyggja (*racism*) og mannkynbætur (*eugenics*).⁷ Í raun sótti Spencer meira í rann Jean-Baptiste Lamarck (1744–1829) en Darwins.⁸ Andstætt Lamarck leit Darwin ekki á þróunina sem framþróun heldur afleiðingu tilviljunar og náttúrulegs vals⁹ sem gæti leitt til aðlögunar stofna að umhverfi sínu – mismunandi tegundir voru þannig aðeins dæmi um mismunandi aðferðir til þess að lifa af. Samkvæmt Darwin stefnir þróunin heldur ekki að neinu takmarki eins og mannum. Eins og líffræðingurinn Richard Dawkins hefur bent á, er slíkt sjónarhorn aðeins mögulegt *eftir á, frá okkar sjónarhóli*.¹⁰

Francis Galton (1822–1911), náfrænda Darwins, var upphafsmaður mannkynbótastefunnar (*eugenics*), sem grundvallaðist af sterkri áherslu á erfðir. Þó að Darwin vísaði til verka Galtons gagnrýndi hann mannkynbótastefnuna einnig.¹¹ Ýmsir aðrir fylgismenn Darwins, þeirra á meðal Thomas H. Huxley (1825–1895) og James Mark Baldwin (1861–1934), mótmæltu misnotkun þróunarkenningarinnar til þess að verja félagslegt óréttlæti og vafasöm siðferðisgildi, en varð lítt ágengt. Kynþáttahyggja 19. aldar gekk einna lengst í hugmyndinni um að ólíkir kynþættir væru mismunandi tegundir. Í samræmi við þetta átti að vera hægt að flokka hvern kynþátt eftir ákveðinni staðalímynd. Þessi hugmynd gekk þvert á eina helstu forsendu Darwins, þ.e.a.s. breytileika (*variation*) innan hóps einstaklinga. Í þessu sambandi benti Huxley einnig á að fyrst fólk af mismunandi kynþáttum gat eignast frjó afkvæmi hlyti mannkynið að vera ein og sama tegundin.¹²

Vinnubækur Darwins sýna að árið 1838 hafði hann þegar gert sér grein fyrir mikilvægi þróunarhugmynda sinna fyrir skilning okkar á mannum. En Darwin var afar varkár og í *Uppruna tegundanna* lét hann nægja að gefa í skyn að í fjarlægri framtíð sæi hann fyrir sér byltingu í þeim fræðigreinum sem fjalla um manninn og nefndi sálfræði sérstaklega.¹³ Það var ekki fyrir en rúnum áratug síðar að tvö stórvirki litu dagsins ljós sem fjölluðu sérstaklega um mannskepnuna: *The Descent of Man, and Selection in Relation*

7 Oldroyd 1983: 204 o.áfr., 212 o.áfr.; Laland og Brown 2002. Hugtakið „félagslegur darwinismi“ er alls ekki skýrt og í raun aðeins safnheiti yfir margvisleg og jafnvel ósamrýmanleg sjónarmið (Oldroyd 1983: 212). Helstu einkenni „stefunnar“ koma þó fram hér að ofan.

8 Oldroyd 1983; Laland og Brown 2002.

9 Darwin skilgreindi einnig kynjað val (*sexual selection*), sjá 1. kafla, bls. 25, og 9. kafla, bls. 239.

10 Dawkins 2004.

11 Laland og Brown 2002: 39.

12 Laland og Brown 2002: 46 o.áfr.

13 Darwin 1859: 458.